

## Rekstrarstyrkir til sjálfstætt starfandi leikskóla sem gert hafa þjónustusamning við Leikskólasvið

Leikskólasvið greiðir X rekstrarstyrk með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma. Rekstrarstyrkur á hvert barn er reiknaður út í dvalargildum. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Árlegur styrkgrunnur fyrir hvert dvalargildi er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan rekstrarkostnað borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil, að frádreginni húsaleigu og að viðbætti fjárhæð vegna yfirstjórnar er deilt með áætluðum heildarfjölda dvalargilda í borgarreknnum leikskólum á sama rekstrarári.

Mánaðarlegur rekstrarstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri greiðslu foreldra samkvæmt gjaldskrá Leikskólasviðs. Rekstrarstyrkurinn er greiddur út mánaðarlega með ellefu greiðslum, ekki er greitt í júlí.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga, jafnmarga daga og borgarreknir leikskólar loka, nú 4 daga á ári, án þess að rekstrarstyrkir verði skertir.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði	9.831 kr.

Fjárhæðin er miðuð við 45% hlutfall fagmenntaðs starfsfólks. Frávik frá 45% hlutfallinu, þó að hámarki upp í 70% hlutfall fagmenntaðs starfsfólks, reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum Leikskólasviðs. Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 1,47% fyrir hverja 5 prósentustigs hækkun eða lækkun á hlutfalli fagfólks, þó að hámarki upp í 70%.

Rekstrarstyrkurinn endurskoðast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á fjárhæðum í fjárhagsáætlun Leikskólasviðs, sem liggja til grundvallar á útreikningi rekstrarstyrksins. Rekstrarstyrkurinn verður endurskoðaður ef breytingar verða í rekstrarumhverfi Leikskólasviðs, s.s. vegna breytinga á kjarasamningum eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Barnaldisstuðull		Hámarksfjöldi vistunartíma f. hvert barn á mánuði	Hámarksfjöldi dvalargilda pr. barn á mánuði	Brúttó rekstrarstyrkur ???	Gjaldskrá foreldra, vistunargjald og fæði(gjaldflokkur 1)	Hámarks rekstrarstyrkur Leikskólasviðs pr. barn á mánuði
9-17 mánaða		9				38.157
18 - 23 mánaða	2	9	18	176.958	31.155	145.803
2 ára	1,6	9	14,4	141.566	31.155	110.411
3 ára	1,3	9	11,7	115.023	31.155	83.868
4 ára	1	9	9	88.479	31.155	57.324
5 ára	0,8	9	7,2	70.783	31.155	39.628
árgangur frá 1. sept)	0,8	9	7,2	70.783	25.743	45.040

Barnaldisstuðull miðast við árgang og uppfærast í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2008 reiknast sem tveggja ára frá 1. júlí 2010 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2008.

Til viðbótar greiðist systkinaafsláttur ef tvö börn eða fleiri eru í vistun hjá dagforeldri, sjálfstætt starfandi leikskólum eða í leikskólum Reykjavíkur. Fjárhæð systkinaafsláttar er sama fjárhæð og systkinaafsláttur sem veittur er foreldrum í borgarreknum leikskólum. Viðbótarniðurgreiðsla vegna námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í reglum um leikskólaþjónustu, [Reglur um leikskólaþjónustu](#)

**Athugið að afsláttir eru ekki veittir afturvirkir.**

### 3.2 Rekstrarstyrkur fyrir börn 17 mánaða og yngri:

Greiddur er rekstrarstyrkur fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Fjárhæð styrksins er sú sama og fjárhæð niðurgreiðslu vegna barna sem eru hjá dagforeldrum. Rekstrarstyrkurinn er greiddur út mánaðarlega með ellefu greiðslum, ekki er greitt í júlí.

### Gjaldskrá leikskóla sem fá rekstrarstyrk frá Leikskólasviði:

Til að viðhalda jafnvægi og jafnræði meðal foreldra barna sem njóta niðurgreiddrar leikskólavistar í Reykjavík skal gjaldskrá X vegna þjónustu við börn, 18 mánaða og eldri, vera sem sambærilegust gjaldskrá Leikskólasviðs vegna dvalar og fæðis barna í leikskólum borgarinnar og aldrei hærri en sem nemur 15% af gjaldskrá þeirra.

**Gildir frá 1. febrúar 2010**